



## Fundargerð fræðslunefndar 6. júní 2016

Fundur haldinn í fræðslunefnd mánudagskvöldið 6. júní 2016

kl. 20:00 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Ingvar Eðvaldsson Margrét Arthúrsdóttir og Aðalbjörn.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### 1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. mál

Skólaakstur – Aðalbjörn.

Skólustjóri fór yfir málið, aftur hafa vaknað spurningar um viðbótarakstur þ.e. heim af íþróttæfingum og félagsstarfi. Það á aðallega við unglingana. Það kom fram í umræðum að þetta eru ekki svo mörg börn að það geti skipt sköpum hvað peninga varðar. Það kom einnig fram í máli skólustjóra að fyrirsjáanlega verður enn minni akstur en í fyrra. Það var samdóma álit nefndarinnar að breyta ekki fyrri bókun um þetta mál.

### 3. mál

Skóladagatal

Aðalbjörn fór yfir það og útskýrði. Spurningar komu upp um það hvort væri hægt að koma í veg fyrir að vetrarfrí lendi á sama tíma og Dagar myrkurs á Austurlandi. Málið sett í skoðun.

### 4. mál

Starfsmannamál Vopnafjarðarskóla

Ástandið nokkuð gott, haldið hefur verið áfram að auglýsa eftir íþróttakennara. Aðeins hefur verið spurst fyrir um starfið en ekkert ákveðið. Málið í vinnslu.

### 5. mál

Fréttir af leikskólanum – Fanney

Það lítur út fyrir að breytingar á barnafjölda í skólanum verði minni en talið var, þannig að ekki þurfi að fækka stöðugildum næsta vetur eins og ráð var fyrir gert.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30

Hafþór Róbertsson